

### **Ályktun um fiskeldi**

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 6.-7. október 2023 lýsir yfir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum. Jafnframt skorar Fjórðungsþing Vestfirðinga á stjórnvöld að auka fjármagn til rannsókna á áhrifum fiskeldis á lífríkið og til miðlunar fræðslu um umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg áhrif sjókvíaeldis á Íslandi.

Á undanförunum árum hefur sjókvíaeldi byggst upp á Vestfjörðum og með þeirri uppbyggingu hefur orðið algjör viðsnúningur í atvinnulífi og byggðaðróun á Vestfjörðum. Byggðir sem áður töldust vera deyjandi samfélög eru nú farnar að blómstra og bjartari framtíð blasir við íbúum Vestfjarða. Mikilvægt er að sjókvíaeldið fái að þróast og að þekking á eldinu verði bætt með auknum rannsóknum og aukinni fræðslu um áhrifin af þessari nýju atvinnugrein sem er að skjóta rötum á Íslandi.

Flutningsmaður: Kristján J Guðmundsson og Baldur Smári Einarsson